

leifssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist úr landssjóði.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvembermánaðar.

Nr. 17/1896:

Eiríkur Filippusson
 gegn
 Filippusi Filippussyni.

D ó m u r :

Árið 1890, um haustið, flutti móðir málsaðilanna, ekkjan Sigríður Jónsdóttir frá Bjólu, til sonar síns, hins stefnda Filippusar Filippussonar í Gufunesi, til veru þar, og vorið eptir, 6. apríl 1891, undirskrifaði hún og afhenti stefnda skjal nokkurt, þar sem hún, eins og þar segir, veitir honum fullkomið og ótakmarkað umboð til þess að hafa á hendi í sínu nafni og fyrir sína hönd umsjón með og stjórn á eigum þeim, er hún eigi, innheimta afgjöld af fasteignum og gjöra allar nauðsynlegar ráðstafanir, og skal hann jafnframt sjálfur hafa afgjöldin sem borgun fyrir framfæri hennar, er hún áskilur að hann veiti sjer svo sem sómasamlegt sje. Sumarið 1892 fór þó Sigríður frá stefnda og dvaldist annarsstaðar þar til er hún andaðist 15. jan. 1893.

Hinn 20. sept. 1894 höfðaði stefndi mál þetta, sem nú er áfrýjað, gegn áfrýjandanum, bróður sínum, og krafðist þess með skírskotun til ofan-

nefnds umboðsskjals frá móður sinni, að áfrýjandinn greiddi sjer ólokið eptirgjald eptir ábúðarjörð hans en eignarjörð móður sinnar, »Hamrahól«, fyrir árin 1883—92, samtals 307 kr. að frádregnum 32 kr., er hann kannaðist við að áfrýjandi hefði áður borgað, eða alls 275 kr. Neitaði áfrýjandi þá að-allega heimild stefnda til að halda fram eptirgjalds-kröfunni, en til vara krafðist hann þess, að frá eptirgjaldinu eptir Hamrahól væri auk áðurnefndra 32 kr. dregið afgangjald af eignargjörð sinni $\frac{1}{3}$ Litla-Ármóts árin 1884—92, 12 kr. 30 a. á ári, eða samtals 111 kr. 60 a., er gengið hefði til móður þeirra bræðra upp í eptirgjaldið eptir Hamrahól. Var málið dæmt í gestarjetti Rangárvallasýslu 18. júní 1895, og var áfrýjandinn dæmdur til að greiða stefnda kr. 275,00 ÷ kr. 111,60 = 163,40 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Eiríkur Filippusson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 10. apríl þ. á., eptir að málinu áður hafði verið frávísað frá rjettinum 10. febr. þ. á., og hefur þess verið krafizt af hendi áfrýjanda, sem fengið hefur konungsleyfi til að leggja fram í yfirdómi ný skjöl og skilríki, að dóminum verði breytt þannig, að áfrýjandi að eins verði skyldaður til að greiða stefnda 21 kr. 40 a., en til vara, að hann verði að eins dæmdur til að greiða stefnda 40 kr. 50 a. og að öðru leyti sýknaður. Svo krefst hann og, hvernig sem fer, málskostnaðar hjá stefnda fyrir báðum rjettum með 100 kr. Hinn stefni hefur aptur á móti kraf-

izt þess, að dómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður eptir mati rjettarins.

Áfrýjandinn hefur samkvæmt áður umgetnu leyfisbrjefi framlagt í yfirdóminum útskript af skiptarjettarhaldi 15. desbr. 1893 í dánarbúi fyrnefndrar móður þeirra málsaðilanna, Sigríðar Jónsdóttur frá Bjólu, þar sem sú ákvörðun er samþykkt af »öllum hlutadeigendum«, þar á meðal hinum stefnda, er þar var sjálfur viðstaddur, »að eptirgjöld af eignum búsinns fyrir þau ár, er Sigríður Jónsdóttir var hjá syni sínum Filippusi, gengi til hans að því leyti sem þau kynnu að vera ógreidd, sem meðlag með henni samkvæmt gjörningi 6. apríl 1891«. Þessi skiptafundarályktun var, eptir að Sigríður Jónsdóttir var önduð og bú hennar komið til skipta, hin einasta ákvörðun, er heimild stefnda til að innheimta afgang af jardeignum þeim, er móðir hans hafði átt, hlaut að byggjast á, en eptir henni gat stefndi eigi heimt inn nema afganginn fyrir 1891 og 1892, því að um meðlag með Sigríði fyrir önnur ár en þau var eigi að ræða í gjörningnum 6. apríl 1891, sem skírskotað er til í skiptafundarályktuninni. Eptirgjaldið eptir Hamrahól, er stefndi samkvæmt þessu hafði heimild til að krefja áfrýjandann greiðslu á, er í málinu ómótmælt talið 46 kr., en þar frá ber að draga afgang 1/3 Litla-Ármóts 1891 og 1892, 24 kr. 60 a., er áfrýjandi verður að álitast hafa greitt upp í Hamrahólsafgjaldið nefnd 2 ár, og verða þá eptir 21 kr. 40 a., er áfrýjanda ber að dæma til að greiða stefnda; þar á móti verða eigi 32 krón-

ur þær, er stefndi hefur kannazt við að áfrýjandi hafi greitt upp í afgjaldsskuld sína og sem áður er getið, látnar koma að neinu leyti til frádráttar afgjaldsskuld áfrýjanda fyrir árin 1891 og 1892, með því að sögusögn stefnda, að þær hafi verið greiðsla upp í eldra afgjald, stendur óhrakin af áfrýjanda. Það ber því að breyta gestarjettardóminum samkvæmt þessu. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að stefndi greiði áfrýjanda 40 krónur.

Þ v í d æ m i s t r j e t t v e r a :

Áfrýjandinn Eiríkur Filippusson greiði stefnda Filippusi Filippussyni 21 kr. 40 a. — tuttugu og eina krónu 40 aura — ásamt 5% vöxtum á ári frá 10. sept. 1894 til borgunardags, en sje að öðru leyti sýkn af kærur og kröfum stefnda. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda 40 —fjörutíu— krónur.

Dóminum ber að fullnægja innau 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.